

Viðskiptabraut

Viðskiptabraut er elsta braut skólans. Hér er lögð mikil áhersla á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskóla á háskólastigi eða farið út á hinn almenna vinnumarkað.

Að loknu námi skal nemandi hafa færni til að:

- takast á við frekara nám í viðskiptafræði, hagfræði og öðrum tengdum greinum
- sýna verklega færni í viðskiptatengdum greinum sem nýtist honum í námi og starfi
- setja sig inn í umræðu líðandi stundar varðandi verslun og viðskipti og mynda sér skoðanir
- gera sér grein fyrir hvað felst í samfélagslegri ábyrgð og siðferði í viðskiptum

Sameiginleg markmið allra brauta eru að nemendur verði færir um að:

- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- meta og skilja menningarleg verðmæti
- gæta jafnréttis á öllum sviðum og efla með sér ríka siðferðisvitund
- meta upplýsingar um samfélagið, umhverfið og náttúruna
- taka þátt í umræðum og rökstyðja mál sitt á málefnalegan hátt
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- miðla upplýsingum í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og erlendum tungumálum
- geta nýtt sér nýjustu upplýsingatækni til að leysa fjölbreytt verkefni

Námsgreinar á viðskiptabraut eru:

Námsgrein	Ein
Íslenska	21
Enska	15
Íþróttir	6
Tölvun./upplýsingat.	5
Þriðja mál	15
Danska/Norðurlandamál	10
Saga	10
Viðskiptagreinar	10
Lífsleikni	3
Vérlitun	2
Stærðfræði	25
Viðskiptaenska	5
Náttúruvísindi	10
Lögfræði	5
Bókfærsla	5
Tölvunotkun	5
Fjármál	5

Á viðskiptabraut eru tveir pakkar. Hver pakki um sig samanstendur af sex mismunandi áföngum, samtals 30 ein, og að auki velja nemendur fjóra áfanga, 20 ein, sem frjálst val.

Hagfræðilína

Rekstrarhagfræði 1

Rekstrarhagfræði 2

Þjóðhagfræði 1

Þjóðhagfræði 2

Stærðfræði

Lokaverkefni: Fyrirtækjasmiðja

Val – 4 áfangar

Viðskiptalína

Rekstrarhagfræði

Bókfærsla

Stjórnun

Markaðsfræði

Enska

Lokaverkefni: Fyrirtækjasmiðja

Val – 4 áfangar